

Þjást gripirnir þínir af D-vítamínskorti?

Átt þú unga gripi með bólgin hné, eru hjólbeinóttir, sverðfættir eða sem standa í keng? Gripi sem verða undir í stúnni, þrífast ekki og eru ljótir í hárum? Ef þetta eru lýsingar sem þú kannast við er rétt fyrir þig að huga að því hvort gripurinn hafi aðgang að nægu D-vítamíni.

Hlutverk D-vítamíns og skortseinkenni

D-vítamín koma að stjórn á kalsíum- og fosfór-efnaskiptum í líkamanum. Þegar skortur á sér stað ruglast þessi efnaskipti og beinin verða léleg, aukin hættu er á beinbrotum og beinin afmyndast. Þessi einkenni kallast beinkröm. Hjá ungum nautgripum eru einkennin bólgin hné, kryppa á baki og stirðleiki. Gripurinn þrífst illa, hættir að vaxa og erfitt getur verið að koma vextinum af stað aftur. Beinkröm kemur ekki eingöngu fram vegna D-vítamínskorts heldur getur skortur á annað hvort kalsíum eða fosfór valdið beinkröm en einnig ójafnvægi á milli þessara efna í líkamanum. Óalgengt er að einkenni komi fram hjá eldri gripum og gerist það þá helst í kringum meðgöngu og þegar gripurinn mjólkar afkvæmi sínu. Einkenni hjá eldri gripum eru öðruvísi þar sem beinin hafa þegar vaxið til fulls og einkennin lýsa sér þannig að beinin verða meyrari og þau missa styrk.



Mynd 1: Bólgnir liðir og vanþrif hjá nautum

Uppruni D-vítamíns

En hvaðan fáum við D-vítamín? Annað hvort með fóðri eða að húðin framleiðir það með aðstoð frá geislum sólar. Til þess að húðin framleiði D-vítamín þarf gripurinn að vera úti við og sólin að skína sínum útfjólubláu geislum. En hvaða fóðurtegundir gefa okkur D-vítamín?

D-vítamín er að finna í sólburrkuðu heyi auk þess sem þorskalýsi og lýsi úr lúðulifur innihalda nokkuð magn af vítamíninu. Eggjarauða er góð uppspretta af D-vítamíni en kúamjólk er talin lélegur D-vítamíngjafi. Broddmjólk inniheldur 6-10 sinnum meira magn af D-vítamíni en venjuleg mjólk. Einnig er hægt að gefa gripunum sprautu af D-vítamíni eða gefa sérstakar vítamínblöndur eða vökva. Nokkrir bændur hafa komið sér upp þannig kerfi að þeir koma fyrir dælu sem dælir inná vatnslögnina smá magni þannig að alltaf sé tryggt að nægt magn sé handa gripunum. Þessi aðferð er einnig nýtt til að koma selen og E-vítamíni í gripina. Þessi aðferð hefur verið nýtt til gjafa á rauðu tranóli. Einnig má gefa fóðurlýsi ofan á hey.

Magn D-vítamíns í heyjum er lágt en er helst að finna í forþurrkuðu heyi sem þurrkað hefur verið á velli í góðu sólskini. Með breyttum heyverkunaraðferðum hefur því hættu á D-vítamínskorti aukist af

Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2015-2016

3. tbl. 2015



Mynd 2: Naut sem stendur í kryppu vegna D-vítamínskorts

Því að D-vítamín brotnar niður við votverkun í rúllum og stæðum. Að sumri til þegar gripir eru utandyra ætti ekki að vera mikil hættá á D-vítamínskorti þar sem líkaminn framleiðir D-vítamín með aðstoð frá sólu. Að vetri til þegar gripir eru innandyra er hins vegar meiri hættá á D-vítamínskorti vegna þess að útfjólubláu geislarnir komast ekki í gegnum venjulegt rúðugler. Þá þurfa gripirnir að treysta á að fá D-vítamín úr fóðrinu. Sömu sögu er að segja að sumri til ef þungbúið er eða mistur.

Mesta hættan á D-vítamínskorti er hjá ungvíði í hröðum vexti eins og nautum í góðu eldi. Nautin fara ekki í miklum mæli út og því er hættan meiri. Vaxtarhraðinn er það mikill að það magn sem kemur úr fóðrinu nægir ekki til að rétt virkni komi fram og gripurinn fær beinkröm.

Þórður Pálsson
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
thp@rml.is